

Skábraut við Kjarvalsstaði

Fundur nr. 51

Ferlinefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Ferlinefnd þakkar hverfisráði Hlíða fyrir erindið og tekur undir með ráðinu að aðgengi fyrir notendur hjólastóla og annara hjálpartækja við nýja setstalla við Kjarvalsstaði verði bætt. Mikilvægt er að tryggja aðgengi fyrir alla að borginni og að í hönnun borgarrýmis sé stuðst við hugmyndafræði um algilda hönnun. Fram kemur í svari umhverfis- og skipulagssviðs að til standi í sumar að leggja stíga úr suðri frá göngustíg að torgssvæðinu. Ferlinefnd fagnar því en leggur jafnframt áherslu á að lagður verði aflíðandi stígur meðfram setstöllum að vestanverðu, úr suðri við Kjarvalsstaði.

Svar frá Ólafi hjá usk, 23.5.2019

„Hann (innsk.: stígurinn) verður væntanlega hannaður á þessu ári, framkvæmdir verða væntanlega á næsta ári“

Hljóðmerki við gönguljós

Fundargerð frá fundi nr. 32

„Fram fer umfjöllun um erindi vegna hljóðmerkjabúnaðar við gönguljós í Reykjavík.

Ferlinefnd samþykkir að senda svohljóðandi fyrirspurn til umhverfis- og skipulagsráðs:

Í svari umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 25. janúar 2017, við fyrirspurn í ferlinefnd frá fulltrúa Öryrkjabandalags Íslands, dags. 9. nóvember 2016, um hljóðmerkjabúnað við gönguljós í Reykjavík kemur fram að við breytingar á búnaðinum sé forgangsraðað eftir mikilvægi og fjárveitingum hverju sinni. Af því tilefni beinir ferlinefnd eftirfarandi fyrirspurn til umhverfis- og skipulagsráðs“:

1. Er til áætlun um að setja upp gangbrautarbúnað með hljóðmerkjum á öllum umferðarljósum í Reykjavík?
2. Hve miklum fjármunum verður varið til þess á árinu 2017?
3. Hvenær er áætlað að vinna við að setja gangbrautarbúnað með hljóðmerkjum upp á öllum umferðarljósum í Reykjavík verði lokið?

Áætlun frá usk varðandi gönguljós, tölur frá des. 2018:

2018	2020	2022
57 % (án hljóðs)	50 % (án hljóðs)	43 % (án hljóðs)
43 % (með hljóð)	50 % (með hljóð)	57 % (með hljóði)